

# Norðurþing

---

Ársreikningur

---

**2016**

Norðurþing  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík  
kt. 640169-5599

---

# Norðurþing

---

Ársreikningur

---

2016

---

## Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9

---

# Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

---

Ársreikningur Norðurþings er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 3.967 milljón króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 3.615 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 2.935 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 2.764 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 282 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 47 milljóna króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 100 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 69 milljón króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 684 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af var eigið fé A hluta neikvætt um 417 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 2.168 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 237 stöðugildum.

Íbúafjöldi Norðurþings 1. desember 2016 var 3.000 og fjölgaði um 175 frá fyrra ári.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Húsavík, 27. apríl 2017

Sveitarstjóri:

Byggðarráð:

Sveitarstjórn Norðurþings staðfestir hér með ársreikning Norðurþings fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Húsavík, 2017.

**Sveitarstjórn:**

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til sveitarstjórnar Norðurþings

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurþings fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Norðurþings á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Norðurþingi í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar í endurskoðunarvinnu okkar.

### Aðrar upplýsingar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggj á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Húsavík, 16. maí 2017.

**Deloitte ehf.**

Hólmgrímur Bjarnason  
endurskoðandi

Ragnar Jóhann Jónsson  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2016

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2016	Áætlun	2015	2016	Áætlun	2015
Skatttekjur .....	1.672.584	1.617.564	1.412.316	1.660.146	1.598.383	1.393.135
Framlög jöfnunarsjóðs .....	639.246	558.639	548.112	639.246	558.639	548.112
Aðrar tekjur .....	623.594	588.019	571.781	1.667.482	1.458.463	1.479.480
3	2.935.425	2.764.222	2.532.209	3.966.874	3.615.485	3.420.726
Laun og launatengd gjöld .....	4 (1.850.794)	(1.686.561)	(1.711.772)	(2.168.070)	(1.973.428)	(2.073.597)
Annar rekstrarkostnaður .....	(889.071)	(864.289)	(865.190)	(1.260.149)	(1.124.022)	(1.161.184)
Afskriftir og virðisýrnun .....	7 (62.889)	(70.997)	(71.704)	(230.157)	(254.501)	(249.352)
	(2.802.754)	(2.621.847)	(2.648.666)	(3.658.377)	(3.351.951)	(3.484.133)
<b>Rekstrarniðurst. án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda</b>	132.671	142.375	(116.457)	308.498	263.534	(63.406)
Fjármunat. og fjármagnsgjöld .....	5 (32.785)	(73.372)	(126.839)	5.970	(198.421)	(92.170)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir skatta</b>	99.885	69.003	(243.297)	314.468	65.113	(155.576)
Tekjuskattur .....	0	0	0	(37.891)	(25.834)	(23.270)
Hlutdeild minnihluta .....	0	0	0	5.294	7.763	25.238
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	99.885	69.003	(243.297)	281.871	47.042	(153.608)

# Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
<b>Fastafjármunir</b>					
Fasteignir og lóðir .....	7	2.197.836	2.109.401	3.131.413	3.167.223
Veitukerfi og hafnarmannvirki .....	7	0	0	2.297.014	1.797.568
Aðrar eignir .....	7	143.668	81.657	163.093	101.091
Leigðar eignir .....	7	28.331	29.167	28.331	29.167
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	8	398.348	407.616	327.932	307.215
Reiknuð skattinneign .....		0	0	60.978	77.125
Langtímakröfur .....	9	665.581	624.849	14.426	17.039
		<u>3.433.765</u>	<u>3.252.690</u>	<u>6.023.187</u>	<u>5.496.428</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Birgðir .....		146	9.763	1.463	11.060
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur .....	11	224.185	177.280	292.454	254.747
Næsta árs- og gjaldf. afb af langtímakröfum .....	9	2.279	2.160	1.523	5.120
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		92.457	191.386	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		192.753	54.071	272.999	104.745
Markaðsverðbréf .....		0	0	830.951	0
Handbært fé .....		193.542	267.690	339.051	1.301.688
		<u>705.362</u>	<u>702.350</u>	<u>1.738.441</u>	<u>1.677.359</u>
<b>Eignir</b>		<u>4.139.127</u>	<u>3.955.040</u>	<u>7.761.628</u>	<u>7.173.787</u>

## 31. desember 2016

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
<b>Eigið fé</b>	12				
Eiginfjárreikningur .....		(416.997)	(562.952)	715.831	377.007
Hlutdeild minnihluta í eigin fé .....		0	0	(32.239)	(42.440)
Eigið fé, (neikvætt)		<u>(416.997)</u>	<u>(562.952)</u>	<u>683.591</u>	<u>334.567</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbindingar .....		1.838.673	1.688.297	1.986.088	1.837.214
Skuldir við lánastofnanir .....	14	1.862.743	1.925.102	3.284.314	3.544.022
Aðrar langtímaskuldir .....	14	0	0	867.243	308.202
Leiguskuldir .....	15	20.994	23.790	20.994	23.790
		<u>3.722.411</u>	<u>3.637.188</u>	<u>6.158.639</u>	<u>5.713.228</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....		136.098	170.336	203.474	261.879
Skuldir við lánastofnanir .....		37.308	0	37.308	43.904
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		134.896	67.462	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	151.910	170.354	194.624	246.754
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	15	3.215	2.958	3.215	2.958
Næsta árs afb lífeyrisskuldbinding .....		55.661	50.356	68.845	58.227
Aðrar skammtímaskuldir .....		314.625	419.338	411.931	512.270
		<u>833.712</u>	<u>880.803</u>	<u>919.398</u>	<u>1.125.992</u>
Skuldir		<u>4.556.123</u>	<u>4.517.991</u>	<u>7.078.037</u>	<u>6.839.220</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>4.139.127</u></u>	<u><u>3.955.040</u></u>	<u><u>7.761.628</u></u>	<u><u>7.173.787</u></u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
		2016	Áætlun	2015	2016	Áætlun	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða ársins .....		99.885	69.003	(243.297)	281.871	47.043	(153.608)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir og virðisrýrnun .....	7	62.889	71.280	71.704	230.157	254.501	249.352
Hagnaður af sölu eigna .....		(778)	0	(20.189)	(41.677)	(5.000)	(49.643)
Niðurf. eignarhl. í öðrum félögum .....		9.268	0	20.380	17.803	0	(4.241)
Verðb. og gengism. langtímalíða .....		62.722	44.922	61.282	(54.869)	75.715	(17.956)
Hlutdeild minnihluta .....		0	0	0	(5.294)	(7.763)	(25.238)
Skatteign, breyting .....		0	0	0	(16.147)	0	10.700
Hækkun skuldbindinga .....		155.681	90.000	128.630	172.026	90.000	138.818
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>389.669</b>	<b>275.205</b>	<b>18.511</b>	<b>583.870</b>	<b>454.496</b>	<b>148.183</b>
Br. á rekstrart. eignum og skuldum .....		(109.146)	0	151.753	(179.111)	29.702	168.705
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>280.522</b>	<b>275.205</b>	<b>170.264</b>	<b>404.758</b>	<b>484.198</b>	<b>316.889</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>							
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm. ....		(165.654)	(185.000)	(70.301)	(798.947)	(1.061.000)	(427.711)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....		0	20.000	26.000	57.700	60.000	91.175
Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum .....		0	0	300	(2.439)	0	(7.868)
Markaðsverðbréf .....		0	0	0	(800.000)	0	0
Langtímakröfur, breyting .....		0	2.132	0	26.500	0	874.530
		(165.654)	(162.868)	(44.001)	(1.517.186)	(1.001.000)	530.126
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>							
Tekin ný langtímalán .....		69.172	0	886.236	476.569	711.000	978.808
Afborganir langtímalána .....		(211.131)	(196.706)	(724.586)	(279.237)	(293.980)	(929.360)
Innborganir frá eignaraðilum .....		0	0	0	12.133	0	9.921
Skammtímalán, breyting .....		37.308	(150.000)	(4.457)	16.100	(189.148)	(8.479)
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting .....		(8.592)	(12.142)	(214.495)	0	0	0
Fyrirfram innh. tekjur breyting .....		(75.774)	0	196.366	(75.774)	0	196.366
Framlög frá eigin fyrirtækjum .....		0	0	0	0	(20.000)	0
		(189.017)	(358.848)	139.063	149.791	207.872	247.255
Lækkun handbærs fjár .....		(74.148)	(246.511)	265.326	(962.636)	(308.930)	1.094.270
Handbært fé í upphafi árs .....		267.690	267.690	2.364	1.301.688	1.301.688	207.418
Handbært fé í lok árs .....		193.542	21.179	267.690	339.051	992.758	1.301.688

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxafjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í lok árs 2016 voru íbúar sveitarfélagsins 3.000.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Félagslegar íbúðir, Hafnasjóður, Orkuveita Húsavíkur ohf., Sorpsamlag Þineyinga ehf., Dvalarheimili aldraðra sf., Leigufélagið Hvammur ehf. og Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árið 2016 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 19 í ársreikningnum.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að lóðir og lendur hjá Eignasjóði hafa verið endurmetnar.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðsvöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur hjá Eignasjóði eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endur mats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

### Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

### Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

### Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2015. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2016	Fjárhags- áætlun 2016
<b>Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga</b>				
Útsvör.....	1.447.804	1.428.788	1.447.804	1.428.788
Fasteignaskattur og lóðarleiga.....	224.780	188.776	212.342	169.595
	<u>1.672.584</u>	<u>1.617.564</u>	<u>1.660.146</u>	<u>1.598.383</u>
<b>Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga</b>				
Framlag vegna fasteignagjalda.....	166.637	153.058	166.637	153.058
Útgjaldajöfnunarframlag.....	361.753	307.713	361.753	307.713
Framlög vegna grunnskóla.....	88.723	77.079	88.723	77.079
Önnur framlög.....	22.134	20.790	22.134	20.790
	<u>639.246</u>	<u>558.639</u>	<u>639.246</u>	<u>558.639</u>
Aðrar tekjur.....	623.594	588.019	1.667.482	1.458.463
Rekstrartekjur samtals.....	<u>2.935.425</u>	<u>2.764.222</u>	<u>3.966.874</u>	<u>3.615.485</u>
<b>Álagningarhlutföll</b>				
Útsvar.....		14,52%		
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....		0,58%		
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði .....		1,65%		

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2016	Fjárhags- áætlun 2016
Laun.....	1.313.573	1.336.453	1.557.310	1.568.816
Launatengd gjöld.....	309.419	200.108	366.613	254.612
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	227.802	150.000	244.147	150.000
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>1.850.794</u>	<u>1.686.561</u>	<u>2.168.070</u>	<u>1.973.428</u>
Stöðugildi að meðaltali 2016.....	237		279	

Laun sveitastjórnar og sveitastjóra námu 27,2 milljónum króna á árinu 2016.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2016	Fjárhags- áætlun 2016
Vaxtatekjur og verðbætur .....	3.557	181.109	30.843	217.782
Arður af eignarhlutum .....	109.654	80.000	60.606	80.000
Aðrar vaxtatekjur .....	14.406	0	0	0
Vaxtagjöld .....	(118.639)	(192.053)	(173.045)	(336.387)
Verðbætur og gengismunur .....	(21.026)	(142.428)	79.117	(159.816)
Niðurfærsla hlutabréfaeignar .....	(20.737)	0	(18.394)	0
	<u>(32.785)</u>	<u>(73.372)</u>	<u>5.970</u>	<u>(198.421)</u>

# Skýringar

## 6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur.....		2.351.878	2.351.878	2.208.438
Félagsþjónusta.....	415.289	241.109	(174.180)	(165.442)
Heilbrigðismál.....	60	0	(60)	(320)
Fræðslumál.....	1.080.037	105.766	(974.271)	(956.504)
Menningarmál.....	53.193	2.302	(50.891)	(46.754)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	240.648	53.844	(186.804)	(190.292)
Brunamál og almannavarnir.....	48.390	6.445	(41.945)	(42.286)
Hreinlætismál.....	78.893	65.956	(12.936)	5.903
Skipulags- og byggingarmál.....	51.314	11.245	(40.070)	(38.868)
Samgöngumál.....	142.913	723	(142.190)	(112.694)
Umhverfismál.....	61.272	2.620	(58.651)	(66.775)
Atvinnumál.....	34.385	11.880	(22.505)	(32.520)
Sameiginlegur kostnaður.....	282.428	64.004	(218.424)	(236.856)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	227.802	0	(227.802)	(150.000)
Sérstök framlög til Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar.....	76.000	0	(76.000)	(76.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	97.737	226.288	128.552	125.687
Aðalsjóður samtals.....	2.890.360	3.144.059	253.699	224.717
<b>A-hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður .....	356.552	243.778	(112.774)	(149.202)
Þjónustumiðstöð.....	194.072	153.032	(41.040)	(6.512)
Innri færslur A hluta.....	(379.156)	(379.156)	0	0
A hluti samtals.....	3.061.828	3.161.713	99.885	69.003
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
<b>B-hluta fyrirtæki:</b>				
Félagslegar íbúðir.....	65.460	103.147	37.687	(3.472)
Hafnasjóður Norðurþings.....	140.736	144.472	3.737	(57.056)
Orkuveita Húsavíkur ohf.....	174.505	380.287	205.782	103.335
Sorpsamlag Þingeyinga ehf.....	0	0	0	(1.654)
Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.....	10.824	0	(10.824)	0
Leigufélagið Hvammur ehf.....	1.137	15.478	14.342	8.761
Dvalarheimili aldraðra sf.....	480.197	451.108	(29.090)	(26.875)
Innri færslur A og B hluta.....	(18.101)	(57.749)	(39.648)	(45.000)
A og B hluti samtals.....	3.916.586	4.198.457	281.871	47.042

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### A hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og hafnir	Aðrar eignir	Leigðar eignir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	2.615.270	0	406.694	33.413	3.055.378
Endurmat á lóðum og lendum .....	30.187	0	0	0	30.187
Eignfært á árinu .....	163.150	0	30.474	0	193.624
Selt og aflagt á árinu .....	(17.108)	0	(223)	0	(17.331)
Staða í árslok .....	2.791.500	0	436.946	33.413	3.261.858
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	542.841	0	288.066	4.246	835.153
Afskrift ársins .....	56.642	0	5.412	835	62.889
Selt og aflagt á árinu .....	(5.819)	0	(201)	0	(6.020)
Staða í árslok .....	593.663	0	293.277	5.082	892.022
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	2.072.429	0	118.628	29.167	2.220.224
Bókfært verð í árslok .....	2.197.836	0	143.668	28.331	2.369.836
Afskriftarhlutföll .....	2,5-4%	1-10%	10-20%	2,5%	

### A og B hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi, og hafnir	Aðrar eignir	Leigðar eignir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	4.303.221	4.830.853	483.775	33.413	9.651.262
Endurmat á lóðum og lendum .....	30.187	0	0	0	30.187
Eignfært á árinu .....	163.150	629.146	34.622	0	826.918
Selt og aflagt á árinu .....	(41.455)	0	(223)	0	(41.678)
Staða í árslok .....	4.455.103	5.459.999	518.174	33.413	10.466.689
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	1.245.806	3.033.285	346.910	4.246	4.630.248
Afskrift ársins .....	91.251	129.700	8.371	835	230.157
Selt og aflagt á árinu .....	(13.366)	0	(201)	0	(13.567)
Staða í árslok .....	1.323.690	3.162.985	355.081	5.082	4.846.838
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	3.057.415	1.797.568	136.865	29.167	5.021.014
Bókfært verð í árslok .....	3.131.413	2.297.014	163.093	28.331	5.619.851
Afskriftarhlutföll .....	2-4%	1-10%	10-20%	2,5%	

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Afskriftir ársins greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	62.889	230.157
	<u>62.889</u>	<u>230.157</u>

Fasteignamat og brunabótamat fasteigna, veitukerfa, hafnamannvirkja og gatna sveitarfélagsins greinist þannig í árslok:

<b>A hluti</b>	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Skólahúsnaði .....	834.484	3.274.220
Íþróttahús og sundlaugar .....	333.198	1.231.728
Þjónustuhúsnaði .....	269.413	885.410
Aðrar fasteignir .....	433.508	1.756.022
Lóðir og lendur .....	249.781	180.462
	<u>2.120.384</u>	<u>7.327.842</u>
<b>B hluti</b>	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Félagslegar íbúðir .....	473.884	1.228.030
Orkuveita Húsavíkur .....	125.262	373.070
Dvalarheimili aldraðra .....	544.005	1.938.750
Leigufélagið Hvammur .....	153.700	309.230
Aðrar fasteignir B hluta .....	60.028	200.888
	<u>1.356.879</u>	<u>4.049.968</u>
Samtals A og B hluti .....	<u>3.477.263</u>	<u>11.377.810</u>

Tryggingaverð lausafármuna greinist þannig:

Stjórnsýsluhús .....	73.626
Skólar .....	339.597
Íþróttahöll og sundlaug .....	46.431
Bókasafn .....	61.023
Félagsheimili .....	36.812
Tjaldsvæði .....	3.511
Þjónustumiðstöð .....	100.165
Hafnasjóður .....	10.725
Orkuveita Húsavíkur .....	338.513
	<u>1.010.403</u>

# Skýringar

## 8. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	A hluti	A og B hluti
		Kostnaðarverð	
<b>Eignarhlutar í öðrum félögum</b>			
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. ....	47,20%	7.936	7.936
Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf. ....	15,44%	0	325
Sorpsamlag Þingeyinga ehf. ....	100,00%	41.780	41.780
Greið leið ehf. ....	4,85%	0	11.266
Íslensk orka hf. ....	25,40%	0	44.975
Hrafnabjargavirkjun hf. ....	48,75%	0	18.748
Garðarsstofa ehf. ....	100,00%	500	700
Hítaveita Öxarfjarðar hf. ....	50,77%	0	34.269
Rífós hf. ....	4,38%	0	3.655
Seljalax hf. ....	26,08%	0	11.028
Fjallalamb hf. ....	13,80%	0	23.105
Landskerfi bókasafna ehf. ....	13,00%	94	94
Silfurstjarnan hf. ....	1,50%	0	1.338
Síldarvinnslan hf. ....	0,00%	0	112
Fasteignafélagið HN ehf. ....	53,60%	0	11.379
Orkuveita Húsavíkur ehf. ....	100,00%	85.349	0
Fjárfestingafélag Norðurþings ....	100,00%	105.628	0
Leigufélag Hvamms ehf. ....	76,29%	102.621	0
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	2,22%	196.845	196.845
Skúlagarður-fasteignafélag ehf. ....	48,50%	23.007	23.007
Pálsreitir ehf. ....	100,00%	500	500
Sjóböð ehf. ....	13,78%	0	1.056
Mýsköpun ehf. ....	5,00%	0	500
Verslunarhúsið á Kópaskeri ehf. ....	10,03%	800	800
		565.060	433.415
Niðurfærsla hlutabréfaeignar .....		(166.712)	(105.484)
		398.348	327.932

## 9. Langtímakröfur

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir .....	2.279	1.523
Afborganir 2018 .....	2.381	1.523
Afborganir 2019 .....	2.478	1.523
Afborganir 2020 .....	2.578	1.523
Afborganir 2021 .....	2.684	1.523
Afborganir síðar .....	655.461	8.333
	667.860	15.950
Næsta árs afborganir.....	(2.279)	(1.523)
	665.581	14.426

# Skýringar

## 10. Tekjuskattsinnæign

Reiknuð tekjuskattsinnæign skiptist þannig:	<u>A og B hluti</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	56.429
Lífeyrisskuldbinding .....	19.965
Viðskiptakröfur .....	873
Aðrir liðir .....	<u>(16.289)</u>
	<u>60.978</u>

## 11. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Staða í ársbyrjun .....	45.066	62.000	52.755	68.506
Tapaðar kröfur á árinu .....	0	(17.758)	(1.890)	(17.774)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu.....	<u>(7.630)</u>	823	<u>(6.930)</u>	2.023
Staða í árslok .....	<u>37.435</u>	<u>45.066</u>	<u>43.935</u>	<u>52.755</u>

## 12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

	<u>A hluti</u>	<u>A og B hluti</u>
Eigið fé 1.1.2016.....	(562.952)	334.567
Endurmat lóða og lendna.....	30.187	30.187
Aðrar breytingar.....	15.882	36.966
Rekstrarniðurstaða ársins .....	99.885	281.871
Eigið fé 31.12.2016.....	<u>(416.997)</u>	<u>683.591</u>

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar námu skuldbindingar A hluta 1.894 millj. kr. og A og B hluta 2.055 millj. kr. í árslok 2016 miðað við 2,0% ársvexti umfram hækkarnir á lífeyrisréttindum. Breyting skuldbindinganna greinist þannig:

	<u>A hluti</u>	<u>A og B hluti</u>
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2016.....	1.738.653	1.895.441
Greitt á árinu.....	(72.121)	(84.655)
Gjaldfært á árinu.....	227.802	244.147
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2016.....	<u>1.894.334</u>	<u>2.054.933</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2017 - 2031.....	1.101.699	1.203.708
Síðar.....	792.635	851.225
	<u>1.894.334</u>	<u>2.054.933</u>

# Skýringar

## 14. Langtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir í CHF .....	41.984	56.480	41.984	56.480
Skuldir í EUR .....	40.623	48.181	597.320	708.550
Skuldir í JPY .....	17.665	22.477	17.665	22.477
Skuldir í USD .....	0	0	133.050	152.827
Skuldir í ISK .....	1.914.380	1.968.316	3.556.161	3.158.643
	2.014.653	2.095.456	4.346.181	4.098.978
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(151.910)	(170.354)	(194.624)	(246.754)
Langtímaskuldir í árslok .....	1.862.743	1.925.102	4.151.557	3.852.225

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir .....	151.910	194.624
Afborganir 2018 .....	146.889	189.998
Afborganir 2019 .....	142.457	175.491
Afborganir 2020 .....	165.008	802.480
Afborganir 2021 .....	121.210	226.432
Afborganir síðar .....	1.287.180	2.757.156
	2.014.653	4.346.181

## 15. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert leigusamning um fasteign sem færður er til skuldar. Leigusamningurinn er tengdur vísitölu neyslurverðs og greinist þannig:

Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun.....	24.209
Næsta árs afborgun.....	(3.215)
Langtímahluti leiguskuldar.....	20.994

Aðrar upplýsingar um leigusamning:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Bókfært verð
Leikskóli Íðavöllum 1, leikskólaeiningar.....	2010-2023	4,7%	24.209
			24.209

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig:

Næsta árs afborganir.....	3.215
Árið 2017.....	3.434
Árið 2018.....	3.667
Árið 2019.....	3.917
Árið 2020.....	4.183
Síðar.....	5.794
	24.209

# Skýringar

## 16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður .....	100%	4.336.869	3.626.305	710.564
Eignasjóður .....	100%	2.343.129	3.398.612	(1.055.483)
Þjónustumiðstöðstöð .....	100%	26.853	98.930	(72.077)
Innri færslur A hluta .....	100%	(2.567.724)	(2.567.724)	0
A hluti samtals .....		4.139.127	4.556.124	(416.997)
Fjárfestingafélag Norðurlþings .....	100%	75.725	0	75.725
Félagslegar íbúðir .....	100%	210.464	566.364	(355.901)
Hafnasjóður .....	100%	1.086.565	1.513.889	(427.324)
Orkuveita Húsavíkur .....	100%	2.607.618	772.309	1.835.308
Leigufélag Hvamms ehf. ....	76,3%	137.469	168.041	(30.573)
Dvalarheimili aldraðra sf. ....	70,1%	345.630	398.964	(53.334)
Innri færslur A og B hluta .....		(1.031.045)	(1.119.970)	88.925
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok .....		7.571.552	6.855.722	715.831
Hlutdeild minnihlutaeigenda .....		190.076	222.315	(32.239)
Heildarstaða eigna og skulda í árslok .....		7.761.628	7.078.037	683.591

## 17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

# Skýringar

## 18. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Í mars 2017 samþykkti stjórn Orkuveitu Húsavíkurs ohf. að gera upp og greiða að fullu gengistryggða langtímaskuld félagsins við Lánasjóð sveitarfélaga. Langtímaskuld þessi var í árslok 2016 samtals að fjárhæð 611,3 millj. kr. og átti að greiðast í einu lagi á árinu 2020.

## 19. Yfirlit um lykiltölur

	A hluti		A og B hluti	
	2016	Fjárhags- áætlun 2016	2016	Fjárhags- áætlun 2016
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>				
Skatttekjur .....	57,0%	58,5%	41,9%	44,2%
Framlög jöfnunarsjóðs .....	21,8%	20,2%	16,1%	15,5%
Aðrar tekjur .....	21,2%	21,3%	42,0%	40,3%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld.....	63,1%	61,0%	54,7%	54,6%
Laun og launat. gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga.....	55,3%	55,6%	48,5%	50,4%
Annar rekstrarkostnaður.....	30,3%	31,3%	31,8%	31,1%
Fjármagnsliðir, nettó.....	1,1%	2,7%	-0,2%	5,5%
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir.....	94,5%	94,9%	86,3%	91,2%
Rekstrarniðurstaða.....	3,4%	2,5%	7,1%	1,3%
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>				
Rekstur:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	771	725	766	719
Aðrar tekjur.....	208	196	556	486
Rekstrartekjur samtals.....	978	921	1.322	1.205
Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar.....	945	898	1.230	1.192
Rekstrarniðurstaða ársins .....	33	23	92	13
<b>Efnahagur:</b>				
	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2016	Árið 2015	Árið 2016	Árið 2015
Eignir.....	1.380	1.400	2.587	2.539
Eigið fé.....	(139)	(199)	228	118
Skuldir og skuldbindingar.....	1.519	1.599	2.359	2.421
<b>Aðrar lykiltölur:</b>				
Veltufjárhlutfall.....	0,85	0,80	1,89	1,49
Eiginfjárhlutfall.....	-10%	-14%	9%	5%
Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum.....	155%	178%	178%	200%
Skuldahlutafall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarf.....	128%	140%	136%	153%

# Skýringar

## 19. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

### Breyting á íbúafjölda

	2016	2015
Íbúafjöldi 1. desember.....	3.000	2.825

Tekjur	2016		2015		2014	
		Hlutfall af heildartekjum		Hlutfall af heildartekjum		Hlutfall af heildartekjum
Útsvör.....	1.447.804	36,5%	1.200.779	35,1%	1.231.403	36,8%
Fasteignaskattur.....	212.342	5,4%	192.355	5,6%	183.557	5,5%
Framlag úr Jöfnunarsj. sveitarf.....	639.246	16,1%	548.112	16,0%	547.729	16,4%
Skatttekjur.....	2.299.393	58,0%	1.941.246	56,7%	1.962.689	58,6%
Aðrar tekjur.....	1.667.482	42,0%	1.479.480	43,3%	1.386.431	41,4%
Heildartekjur samtals.....	3.966.874	100,0%	3.420.726	100,0%	3.349.120	100,0%

### Gjöld

Launaliðir.....	2.168.070	54,7%	2.073.597	60,6%	1.936.178	57,8%
Annar rekstrarkostnaður.....	1.260.149	31,8%	1.161.184	33,9%	1.139.163	34,0%
Afskriftir.....	230.157	5,8%	249.352	7,3%	251.427	7,5%
Fjármagnsliðir, nettó.....	(5.970)	-0,2%	92.170	2,7%	140.548	4,2%
Hlutdeild minnihluta.....	(5.294)	-0,1%	(25.238)	-0,7%	(31.853)	-1,0%
Skattar.....	37.891	1,0%	23.270	0,7%	20.599	0,6%
	3.685.003	92,9%	3.574.335	104,5%	3.456.063	103,2%
Rekstrarniðurstaða.....	281.871	7,1%	(153.608)	-4,5%	(106.943)	-3,2%

### Í þúsundum króna á íbúa

Íbúafjöldi.....	3.000	2.825	2.806
Heildartekjur.....	1.322	1.211	1.194
Skatttekjur á íbúa.....	766	687	699
Launaliðir.....	723	734	690
Annar kostnaður og afskriftir.....	497	499	496
Fjármagnsliðir, nettó.....	(2)	33	50

# Skýringar

## 20. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sem birt er í rekstrarreikningi, sjóðstreymi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins er samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins að teknu tilliti til þeirra viðauka sem gerðir voru vegna ársins 2016. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar við fjárhagsáætlun	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar við fjárhagsáætlun	Fjárhagsáætlun með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur.....	1.686.543	(68.979)	1.617.564	1.666.030	(67.647)	1.598.383
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	536.373	22.266	558.639	536.373	22.266	558.639
Aðrar tekjur.....	554.019	34.000	588.019	1.065.794	392.669	1.458.463
	<u>2.776.935</u>	<u>(12.713)</u>	<u>2.764.222</u>	<u>3.268.197</u>	<u>347.288</u>	<u>3.615.485</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	1.686.561	0	1.686.561	1.734.355	239.073	1.973.428
Annar rekstrarkostnaður.....	819.232	45.057	864.289	1.009.667	114.355	1.124.022
Afskriftir.....	74.233	(3.236)	70.997	254.820	(319)	254.501
	<u>2.580.026</u>	<u>41.821</u>	<u>2.621.847</u>	<u>2.998.842</u>	<u>353.109</u>	<u>3.351.951</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.....	196.909	(54.534)	142.375	269.355	(5.821)	263.534
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(41.031)	(32.341)	(73.372)	(208.672)	10.251	(198.421)
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	3.901	3.862	7.763
Tekjuskattur.....	0	0	0	(26.280)	446	(25.834)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>155.878</u>	<u>(86.875)</u>	<u>69.003</u>	<u>38.304</u>	<u>8.738</u>	<u>47.042</u>

## 21. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings og önnur mál

Norðurþing er í ábyrgð fyrir öllum lífeyrisskuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Auk Norðurþings greiða ýmsar stofnanir og félag á Húsavík til sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna til fyrirverandi starfsmanna sinna. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Heildar áfallnar skuldbindingar sjóðsins umfram eignir námu um 2.573 milljónum króna í árslok 2016 samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt.